

Nd.

47. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

Flm.: Sigurður E. Hliðar, Steingr. Steinþórsson, Stefán Stefánsson.

1. gr.

Aftan við 1. málsg. 4. gr. laganna komi:

Á sama hátt eru undanþegnar skatti þessum jarðræktartilraunastöðvar þær, sem reknar eru með opinberum styrk og undir opinberu eftirliti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með bréfi hins háa atvinnu- og samgöngumálaráðuneytis, dags. 1. marz þ. á., er úr því skorið, að undanþáguheimildin í 4. gr. l. nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna, nái ekki til jarðræktartilraunastöðva, sem ekki eru eign bæjar- og sveitarsjóða.

Nú er sjálfsagt flestum kunnugt, að jarðræktartilraunastöðvar, sem starfræktar eru með þjóð vorri, svo sem tilraunastöðin á Sámssstöðum og tilraunastöð Ræktunarfélags Norðurlands á Akureyri, hafa yfir mjög takmörkuðu fé að ráða, en hinsvegar um mjög svo merkilega og nauðsynlega starfsemi að ræða í almennings þágu. Það virðist því engin sanngirni mæla með því, að einmitt slikri starfsemi skuli íþyngt með skattaálagningu þeirri, er í 1. gr. téðra laga getur.

Af þessum ástæðum er frumvarp þetta fram komið.

Nánar í framsögu.